


Reiðvega- og Samgöngunefnd LH

Skýrsla fyrir starfsárið 2024.



Kollafjörður á Ströndum, hestar og menn fíkra sig upp að austanverðu.

Ljós. Sæmundur Eiríksson

Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landssvæða.

1. Landinu skal skipt í sjö svæði og reiðveganefndir skipaðar á hverju þeirra.
2. Reiðveganefndirnar skulu skipaðar fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis.
3. Reiðveganefndirnar velja sér formann og varaformann
4. Reiðvega- og samgöngunefnd LH skal skipuð formönnum reiðveganefnda hvers svæðis.
5. Stjórn LH skipar formann og varaformann Reiðvega- og samgöngunefndar
6. Reiðveganefndirnar sækja um reiðvegafé ár hvert til LH.
7. Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðvega á sínu svæði til a.m.k. fjögurra ára í senn.
8. Reiðveganefndirnar skulu skila inn framkvæmdaskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk og gera grein fyrir úthlutuðu fjármagni til reiðvegagerðar innan síns svæðis.
9. Reiðveganefndir sem trassa að skila inn framkvæmdaskýrslum og greinargerð vegna reiðvegaframkvæmda eiga á hættu að vera ekki með við næstu úthlutun reiðvegafjár.
10. Reiðveganefndirnar leitast við að efla tengsl við Vegagerðina, funda a.m.k. einu sinni á ári með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á viðkomandi svæðum.
11. Reiðveganefndirnar kynna sér framkvæmdaáætlanir Vegagerðarinnar í sínu umdæmi og bregðast við þeim eftir sem við á.
12. Reiðveganefndirnar kynna Vegagerðinni sínar reiðvegaáætlanir.
13. Reiðveganefndirnar skulu fylgjast vel með skipulagsmálum í sínu umdæmi og gera viðeigandi athugasemdir á vinnslustigi skipulags, er varðar reiðvegi, reiðleiðir eða áningahólf.
14. Hestamannafélögum sem kjósa að vera utan samstarfs reiðveganefndanna skulu ekki útilokuð frá að sækja um reiðvegafé á sitt starfssvæði.



Landmannalaugar, Jökulgil.

Ljósm. HHH.

REIÐVEGA- OG SAMGÖNGUNEFND LH.

Reiðvega- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganeftanna ásamt formanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina árið 2024.

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Hákon Hákonarson formaður	hakon@tryggir.is	825 0050
Sæmundur Eiríksson SV svæði varaform.	klopp@simnet.is	699 7747
Einar Á. Sæmundsen Suðursvæði 1	einar@thingvellir.is	891 6764
Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2	vegg hamar@internet.is	776 7846
Valberg Sigfússon Vestursvæði	valbergs@mi.is	894 0999
Kristján Þorbjörnsson N.V.svæði	kr gilsst@simnet.is	892 1713
Örn Viðar Birgisson N.A. svæði	ornvidarbirgisson@gmail.com	844 1045
Magnús Skúlason Austursvæði	maggggi@gmail.com	899 7006



Reiðvega- og samgöngunefnd LH:

Störf Reiðvega- og samgöngunefndar voru með hefðbundnum hætti á árinu 2024, sú breyting varð á skipan nefndarinnar á árinu að Sveinbjörn Eyjólfsson lét af nefndarstörfum, Valberg Sigfússon á Stóra Vatnshorni er nýr fulltrúi Vestursvæðis í nefndinni.

Reiðvegafé á vegaáætlun samgönguáætlana hefur verið 75.0 m.kr. undanfarin ár að undanskildum árunum 2021 og 2022 þegar 50.0 m.kr. var veitt aukalega til reiðvega hvort ár. Reiðveganeftnd ásamt stjórn LH hafa á undanförunum árum þrýst á stjórnvöld um að auka fjárframlag til reiðvega, en hafa ekki haft erindi sem erfiði að undanskildum árunum 2021 og 2022 eins og áður er getið.

Reiðveganefnd ásamt stjórn LH hafa á undanförunum árum þrýst á stjórnvöld um að auka fjárframlag til reiðvega. Það var því ánægjulegt þegar innviðaráðherra boðaði formann Landssambands hestamannafélaga og formann reiðveganefndar LH á fund í byrjun september 2023 til að ræða stöðu reiðvegamála. Niðurstaða fundarins var að ráðherra skipaði starfshóp til að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma og vinna tillögur út frá þeim fyrir samgönguáætlun 2023-2037. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt var formaður hópsins, fulltrúa innanríkisráðuneytisins og tveimur fulltrúum LH, auk þess sem Halldór H. Halldórsson, fyrrverandi formaður Reiðvega-og samgöngunefndar LH, var starfshópnum til ráðgjafar, Sæmundur Eiríksson kom einnig að verulegu leyti að störfum nefndarinnar og sá m.a. alfarið um reiðvegaskráninguna.

Sjá hér aftar skýrslu og tillögur starfshópsins.

•

Tillaga til nýrrar samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 lá fyrir á 154. lögjafarþingi Alþingi til samþykktar. Í nýrri samgönguáætlun er áætlað 100.0 m.kr. framlag til reiðvega ár hvert næstu fimm árin. Því miður þá auðnaðist ekki að afgreiða samgönguáætlun sem lög frá Alþingi, en vonast er til að það takist á 155. lögjafarþingi Alþingis (haustþingi 2024).

•

Reiðvegafé 2024:

Þann 1. feb. var kallað eftir umsóknum um reiðvegafé frá hestamannafélögum fyrir árið 2024 og greinargerðum vegna reiðvegaframkvæmda ársins 2023. umsóknarfrestur félaganna í reiðvegaskjöld var til og með hlaupársdegi 29. febrúar sl. en síðar framlengdur til 6. mars.

Umsóknir um reiðvegafé skulu berast LH með rafrænum hætti um kortasjána, á sérstökum eyðublöðum sem þar er að finna. Einnig þarf að gera grein fyrir framkvæmdum liðins árs. Vel hefur tekist til með að umsóknir um reiðvegafé berist LH rafrænt um Kortasjána. Þó svo að hestamannafélögum beri að senda umsóknir í reiðvegafé um kortasjána, sem og skil á greinargerðum um unnar reiðvegaframkvæmdir á liðnu ári, þá er einnig tekið við umsóknum sem berast sem tölvupóstur séu þær á réttu formi sem Exel skjal. Alls námu umsóknir 2024 um framlög til reiðvega 548.233.300,- m.kr. þar af 149.042.000,- m.kr. til ferðaleiða (sjá umsóknir og úthlutun aftar í skýrslunni).

Eftir tölvusamskipti þann 18. mars s.l. við Valtý Þórisson forstöðumann áætlana hjá Vegagerðinni og tilsjónarmanni reiðvega um fjárframlög til reiðvega 2024. Hvort skildi reiðvegafé vera samkvæmt gildandi samgönguáætlun þ.e. 75.0 m.kr. eða þeirri sem lá fyrir Alþingi til samþykktar þ.e. 100.0 m.kr.

Í svari Vegagerðarinnar segir:

Þið skulið miða við 100.0 m.kr fjárveitingu á þessu ári. Ef það breytist og lækkar, þá þurfum við að gera viðeigandi ráðstafanir. Sjálfsagt skýrist eitthvað þegar ný fjármálaáætlun verður birt eftir páska, en samgönguáætlun verður líklega ekki samþykkt fyrr en við þinglok í lok júní.

Eitt af hlutverkum reiðveganefnda er m.a. að fylgjast með og bregðast við skipulagsmálum sveitarfélaga hvað varðar reiðvegi og mannvirki þeim tengd.. Nær ómögulegt er að ná fram einhverjum breytingum þegar skipulagsferlið er farið í gang og því ekki ofbrýnt fyrir reiðveganefndum að fylgjast vel með skipulagsmálum sveitarfélaganna. Einungis er veitt reiðvegafé til þeirra reiðvega sem eru á staðfestu skipulagi sveitarfélaga. Hægt er að nálgast skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar í Kortasjánni www.map.is/lh farið er í gluggan hægra megin á skjánum og þar í Reiðvega umsóknir þá blasir við tengill á skipulagsvefsjána. Þar er að finna öll aðal- og deiliskipulög sem í gildi eru á landinu.



*Gandar grípa niður við Svörturústir norðan Höfsjökuls, miðpunktur Íslands.
Ljós. SE.*

Reiðvega- og samgöngunefnd LH 2024

Fundargerð.

Frá fundi Reiðvega- og samgöngunefndar LH miðvikudaginn 3. apríl 2024, kl. 13:00 – 14:00
Fundur á skrifstofa LH Engjavegi 6 í Laugardal tengdur fjarfundarbúnaði.

Mættir á skrifstofu LH í Laugardal :

Hákon Hákonarson formaður Reiðvega- og samgöngunefndar, Berglind Karlsdóttir framkvæmdarstjóri LH og Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði

Tengdir fjarfundarbúnaði voru : Halldór H Halldórsson ráðgjafi Reiðvega- og samgöngunefndar, Valberg Sigfússon Vestursvæði, Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2, Magnús Skúlason Austursvæði. Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2 og Einar Á. Sæmundssen Suðursvæði 1.

1. Reiðvegir 2024 - Fjárheimildir 2024.

HH : Það er staðfest frá Vegagerðinni að til úthlutunar til reiðvegaframkvæmda þetta árið séu 100 milljónir. Ekki hefur tekist að fá aukið fjármagn þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á mikla þörf með samantekt og áætlunum sem unnið var í lok árs 2022. Sigurður Ingi hefur sagt að von sé á meira fjármagni til reiðvegaframkvæmda árið 2025 og vonandi gengur það eftir. Umsóknir eru alls 548 milljónir og því ljóst að þörfin er mikil.

2. Úthlutun reiðvegafjár 2024

HHH : tillaga að úthlutun til landssvæða.

Landssamband hestamannafélaga						
Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2024						
Svæði:	Umsókn	Úthlutun	Mótframlag	Til ráðstöfunar	Hlutfall	Hlutfall
	2024	2024	Sveitarfélag, aðrir	Alls	af úthl.	af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	94,723,200 kr.	14,500,000 kr.	36,600,000 kr.	51,100,000 kr.	14.10%	27.12%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	77,750,000 kr.	10,500,000 kr.	14,750,000 kr.	25,250,000 kr.	10.21%	13.40%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	62,600,000 kr.	9,000,000 kr.	9,850,000 kr.	18,850,000 kr.	8.75%	10.00%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	35,200,000 kr.	10,250,000 kr.	750,000 kr.	11,000,000 kr.	9.97%	5.84%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	55,700,000 kr.	10,250,000 kr.	1,500,000 kr.	11,750,000 kr.	9.97%	6.24%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	44,069,200 kr.	11,000,000 kr.	2,850,000 kr.	13,850,000 kr.	10.69%	7.35%
Austursvæði, Austurland:	23,900,000 kr.	7,000,000 kr.	1,750,000 kr.	8,750,000 kr.	6.81%	4.64%
Ferðaleiðir	133,975,000 kr.	22,500,000 kr.	17,500,000 kr.	40,000,000 kr.	21.87%	21.23%
LH Ýmis reiðvegaverkefni	0 kr.	2,857,758 kr.	0 kr.	2,857,758 kr.	2.78%	1.52%
Reiðvegaskráning / Kortasjá	5,000,000 kr.	5,000,000 kr.	0 kr.	5,000,000 kr.	4.86%	2.65%
Samtals kr.	532,917,400 kr.	102,857,758 kr.	85,550,000 kr.	188,407,758 kr.	100.00%	100.00%

Alls bárust umsóknir frá 33 hestamannafélögum um fjárframlög til viðhalds og uppbygginga reiðvega 2024.

Tillaga að úthlutun til ferðaleiða skipting milli svæða:

SV : kr. 8.500.000,- S1 : kr. 2.500.000,- S2 : kr. 3.000.000,-,
V : kr. 3.000.000,- N1 : kr. 3.000.000,- N2 : kr. 2.500.000,-

KB : reiðfær slóð með vegi sem lagður hefur verið með bundnu slitlagi, hvernig hefur það virkað? Það er mikil óánægja með frágang á reiðslóð með Árbæjavegi.
Komin voru svör við þessum kvörtunum frá Vegagerðinni, KB er ekki ánægð með þau svör.
HH mun skoða þetta mál með Vegagerðinni.

SE : lögð var reiðslóð með hluta Hafravatsvegar sem lagður hafði verið bundnu slitlagi, Þetta hafðist í gegn með mikilli eftirgangsemi eftir að framkvæmdum við veginn sjálfan var lokið þótt byrjað hafi verið að óska eftir því að reiðslóð yrði lögð samhliða framkvæmdum meðan á hönnun stóð yfir á Hafravatsvegi.

ES : Lagt var bundið slitlag á Hrunaveg og fengust 5 milljónir frá Vg til þess að leggja reiðslóð með vegi og dugði það aðeins fyrir helmingi leiðarinnar.
Ef reiðvegur er ekki inn á skipulagi viðkomandi sveitarfélags er það skilningur Vg að ekki skuli leggja reiðslóð með viðkomandi vegi sé hann lagður bundnu slitlagi.

HHH : inn í kortasjá er hægt að fara inn á skipulagssjá og skoða þar öll gildandi skipulög af landinu þar eiga reiðleiðir að koma fram.

ES : má nota reiðleiðapeninga til þess að setja upp renglur og borða með reiðgötum sem liggja nærri akvegum ?

HHH : það er í lagi en athuga þarf með leyfi frá Vegagerðinni.

ÖV : á þessu svæði NA er mikið gert af því að setja upp léttar girðingar meðal annars með vegi um Ljósvatnskarð og í nágrenni við Fosshól, taka þarf girðingar niður fyrir veturinn og setja þær upp aftur í byrjun sumars.

ÖV : það er brýnt að farið verði yfir heildarstöðu hverju sinni á reiðvegaframkvæmdum þannig að hægt sé að sjá hvar eru til peningar og færa þá ónotaða peninga milli svæða og framkvæmda, reiðvega- og samgöngunefnd passi upp á að ekki standi neitt út af.

HHH : nýr maður Valtýr Þórisson hjá Vg hefur tekið við reiðvegamálum. Óskað verður eftir fundi með honum og farið fyrir peningamálin, einhver svæði fóru fram úr sínum úthlutunum og á öðrum svæðum voru ónotaðir peningar.

Engar athugasemdir við tillögu á úthlutun og hún samþykkt.

HHH : lagt er til að allir klári skiptingu hver á sínu svæði fyrir 18 apríl.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.

•



*Áð á leið frá Ingólfsskála til Hveravalla, Hrútfell og Langjökull fjær t.h.
Ljósmynd. SE.*

•

Starfshópur um stöðu reiðvegamála á Íslandi Forgangsröðun reiðvega til samgönguáætlunar 2023-2037

Inngangur

Sem fyrr er frá greint á boðaði Innviðaráðherra formann Landssambands hestamannafélaga og formann reiðveganeftndar LH á fund í byrjun september 2022 til að ræða stöðu reiðvegamála. Niðurstaða fundarins var að ráðherra skipaði starfshóp til að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma og vinna tillögur út frá þeim fyrir samgönguáætlun 2023-2037. Starfshópurinn skal skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt er formaður hópsins, fulltrúa innanríkisráðuneytisins og tveimur fulltrúum LH, auk þess sem Halldór H. Halldórsson, fyrrverandi formaður Reiðvega- og samgöngunefndar LH, er starfshópnum til ráðgjafar, Sæmundur Eiríksson kom einnig að verulegu leyti að störfum nefndarinnar og sá m.a. alfarið um reiðvegaskráninguna.

Samkvæmt skipunarbréfi er starfshópnum ætlað að taka saman upplýsingar um stöðu reiðvegamála hér á landi, vinna og kostnaðarmeta tillögu að áætlun í reiðvegmálum til framtíðar, tillögum sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlunar og forgangsröðun framkvæmda á reiðvegum.

Mat á ástandi

Upplýsingar um lengd reiðvega voru sóttar í Kortasjá LH og voru reiðvegir flokkaðir eftir svæðum. Reiðveganefndum í öllum hestamannafélögum innan LH var falið að gera grófa áætlun um hverra úrbóta er þörf á hverju svæði fyrir sig, flokkað eftir þéttbýlisleiðum, stofnleiðum og héraðs- og ferðaleiðum.

Óskað var eftir grófu mati á:

- ástandi reiðstíga (sbr. flokkun í reiðvegahandbók bls. 63)
- lengd þeirra kafla á reiðstígum þar sem úrbóta er þörf innan fimm ára
- lengd þeirra kafla akvega sem lagðir hafa verið bundnu slitlagi án þess að reiðstígur hafi verið lagður við hlið.

Við mat á kostnaði var stuðst við töflu 2.1, tölurnar í töflunni eru viðmiðunarverð út frá þeim framkvæmdum sem reiðveganefndir hafa unnið að.

Aðgerð	Verklag	kostnaður/km
1	grjóthreinsa reiðleið, hreinsa burt fyrirstöður og grafa vatnsrásir	300,000
2	mölun á reiðleið með steinbrjót	250,000
3	yfirborðsefni 10 sm útlagt	1,700,000
4	burðarlag ofan á eldri veg 20 sm, og yfirborðsefni 10 sm útlagt	5,000,000
5	nýr reiðvegur, ryðja vegstæði, burðarlag 30 sm, yfirborðsefni 10 sm útlagt	6,500,000
6	reiðslóð með akvegi sem lagt hefur verið bundnu slitlagi	2,500,000

Tafla 2.1 Kostnaður eftir tegund aðgerða

Samantekt og tillögur

Starfshópurinn hefur tekið saman áætlað heildar umfang við uppbyggingu reiðvegakerfisins miðað við stöðuna í dag, út frá heildar lengd reiðstígakerfisins og viðmiðunarverðum í töflu 2.1 við uppbyggingu reiðstíga sbr. töflu 3.1

Gerð reiðstíga	km	Heildar kostn
Stofnleiðir	5.283,3	5.081.917.200
Héraðsleiðir/ ferðaleiðir	8.035,5	5.799.475.050
Þéttbýlisleiðir	607,2	1.312.968.450
*Reiðfært meðfram slitlagi	550,2	1.375.500.000
Samtals	14.475,3	13.569.860.700

*Leiðir þar sem lagt hefur verið bundið slitlag meðfram stofn- og tengivegum en ekki hefur verið gerð reiðfært meðfram slitlagi. Eins og gert er ráð fyrir í nýju samkomulagi LH og Vegagerðarinnar frá 2022.

Tafla 3.1 Samantekt miðað við gerð og hlutverk reiðvega á landsvísu heildar km fjöldi ásamt áætluðum heildar kostnaði við uppbyggingu stígakerfisins.

Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið og stórt ef koma á öllum reiðvegum landsins í viðunandi horf. Starfshópurinn leggur áherslu á að annars vegar verði uppbygging stofnleiða í reiðstígakerfinu sett í forgang, samantekt á áætluðu umfangi við uppbyggingu stofnleiða kerfis má finna í töflu 3.2, hins vegar verði lögð áhersla á að gerð sé reiðfær slóð meðfram slitlagi þar sem því er ábótavant, sjá töflu 3.1.

Aðgerð	Kostnaður m.kr/km	km	Samtals [m.kr]
1	300.000	3.139,1	941.717.700
2	250.000	352,0	87.995.250
3	1.700.000	1.311,3	2.229.284.800
4	5.000.000	144,5	722.435.000
5	6.500.000	159,8	1.039.018.500
6	2.500.000	339,3	848.250.000
Samtals		5.446	5.868.701.250

Tafla 3.2. Áætlaður framkvæmdakostnaður eftir aðgerðum óháð gerð reiðvegjar.
Framkvæmdakostnaður Stofnleiðir aðgerðir 1-6

Eftir því sem reiðvegakerfið stækkar er ljóst að gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni til viðhalds. Reiðvegjar þurfa mismikið viðhald og er það háð aðstæðum á hverjum stað, svo sem álagi og veðurfari, en reikna má með að alla jafna þurfi reiðvegjar viðhald á fimm ára fresti miðað við aðgerð 3 í töflu 2.1.

Úthlutanir reiðvegafjár til hestamannafélanna sl. ár hafa nýst vel og hafa sveitarfélögin lagt til rausnarlegt mótframlag sem tryggir enn betur nýtingu fjárveitinganna. Umsóknir hestamannafélaga hafa þó verið um helmingi hærri en samanlagt fjármagn reiðvegafjár og framlags sveitarfélaga eins og gert er grein fyrir í töflu 3.3.

Tafla 3.3 Umsóknir og úthlutun reiðvegafjár sl. fimm ár

Ár	Umsóknir hestamannafélaga	Úthlutun af vegafé	Framlag sveitarfélaga	Fé til ráðstöfunnar
2018	305.683.363 kr.	60.000.000 kr.	65.206.640 kr.	125.206.640 kr.
2019	322.226.063 kr.	75.000.000 kr.	70.620.000 kr.	145.620.000 kr.
2020	310.300.136 kr.	75.000.000 kr.	72.425.000 kr.	147.425.000 kr.
2021	296.857.732 kr.	125.000.000 kr.	66.195.000 kr.	191.195.000 kr.
2022	424.275.200 kr.	125.000.000 kr.	63.900.000 kr.	188.900.000 kr.
Samtals	1.659.342.494 kr.	460.000.000 kr.	338.346.640kr.	798.346.640 kr.

Út frá þeim forsendum sem starfshópurinn hefur unnið eftir leggur hópurinn til að fjárveitingar til uppbygginu reiðvegakerfis á Íslandi verði auknar til muna. Tillögur hópsins má sjá í töflu. 3.4.

	<i>1.Tímabil</i>	<i>2.Tímabil</i>	<i>3.Tímabil</i>	<i>samtals</i>
<i>Viðhald</i>	<i>500</i>	<i>600</i>	<i>750</i>	<i>1.850</i>
<i>Stofnleiðir</i>	<i>500</i>	<i>400</i>	<i>400</i>	<i>1.300</i>
<i>Reiðfært meðfram slitlagi</i>	<i>500</i>	<i>400</i>	<i>300</i>	<i>1.200</i>
	<i>1.500</i>	<i>1.400</i>	<i>1.450</i>	<i>4.350</i>

Tafla 3.4 Tillaga að fjárveitingu til uppbyggingu og viðhalds reiðvegakerfisins á Íslandi

	<i>2023</i>	<i>2024</i>	<i>2025</i>	<i>2026</i>	<i>2027</i>	<i>samtals</i>
<i>Viðhaldsfé</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>500</i>
<i>Stofnleiðir</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>500</i>
<i>Reiðfært meðfram slitlagi</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>500</i>
<i>Samtals</i>	<i>300</i>	<i>300</i>	<i>300</i>	<i>300</i>	<i>300</i>	<i>1.500</i>

Tafla 3.5 eru tillögur til fjárveitingu í milljónum króna á ári næstu fimm árin.

Hér er lagt til að fjárveiting til reiðvega á Íslandi verði 300 milljónir kr. á ári næstu fimm árin, en það er sú upphæð sem starfshópurinn telur að fari langt með að koma reiðvegamállum í viðunandi horf til lengri tíma lítið. Gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni til viðhalds á reiðvegakerfinu, því eftir því sem fleiri nýir reiðvegir eru lagðir stækkar reiðvegakerfið sem halda þarf við.

Lagt er til að sami háttur verði hafður á og verið hefur, að LH sjái um skiptingu reiðvegafjár á milli landshluta.

Það er mat starfshópsins að reiðvegamála á Íslandi er málaflokkur sem hefur verið vanfjármagnaður til lengri tíma og því er uppsöfnuð þörf fyrir auknar fjárveitingar til að koma þessum málum í sæmilegt horf. Stór hluti af uppsöfnuðum vanda er að nokkur vanhöld hafa verið á því að lagður sé reiðfær slóði þar sem lagt er bundið slitlag, sem hluti af útboði verks, eins og kveðið er á um í nýju samkomulagi Vegagerðarinnar og LH 2022.

Benda má á að framlag hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu til þjóðarbúsins er mælt í milljörðum kr. á ársgrundvelli sé litið til beinna gjaldeyristekna og afleiddra tekna.

Samkvæmt mælaborði Ferðamálastofu frá því í desember sl. þá komu til landsins 1.696.785 erlendir ferðamenn á árinu 2022 þar af 91,2% í fríi eða 1.547.697. Samkvæmt Hagvísí hagfræðideildar Landsbankans þá er hver erlendir ferðamaður að eyða um 420 þús. kr. að jafnaði í dvöl sinni hér, sem gerir 649 milljarða kr. á árs tímabili.

Samkvæmt mælaborði Ferðamálastofu þá koma 12% erlendra ferðamanna til landsins vegna hestaferða eða annarra viðburða tengdri hestamennsku. Samkvæmt framangreindu þá eru erlendir ferðamenn sem komu til landsins vegna hestaferða eða annarrar hestatengdrar starfsemi um 185.000 árið 2022 og skapa þjóðarbúinu um 78 milljarða kr. á ársgrundvelli. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir 2,3 milljónum ferðamanna til landsins og gera spár ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna á árinu 2025 fari yfir 3 milljónir og því ekki óvarlegt að margfalda framangreindar tölur.

Reiðleiðir og reiðstígar eru undirstaða hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu og er því nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda reiðstígunum þannig að sómi sé að.

Félagsfólk LH er um 12.000 talsins en talsvert fleiri stunda hestamennsku að staðaldri á Íslandi, áætlað er að 2-3 fylgi hverjum skráðum félagsmanni hestamannafélaga. Varlega áætlað má leiða líkum að því að hver hestamaður eyði um 1.000.000 kr. að meðaltali á ári í hestatengda þjónustu, aðföng og búnað, það gerir að lágmarki um 12 milljarða árlega veltu hestamennsku hins almenna hestamanns á Íslandi.

f.h. Starfshóps um stöðu reiðvegamála á Íslandi

Pálmi Þór Sævarsson, formaður, Vegagerðinni

Sigtryggur Magnason, Innviðaráðuneytinu

Berglind Karlsdóttir, Landsamband hestamannafélaga

Hákon Hákonarson, Landsamband hestamannafélaga

•

Reiðleiðaskrá áætlun - flokkun eftir landssvæðum og aðgerðum

Austur

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	171.767.700 kr.	56.836.200 kr.	474.900 kr.	229.078.800 kr.
2		1.750.000 kr.		1.750.000 kr.
3	35.424.600 kr.	28.085.700 kr.	12.637.800 kr.	76.148.100 kr.
4				0 kr.
5		120.224.000 kr.		120.224.000 kr.
6	630.506.500 kr.	727.720.500 kr.		1.358.227.000 kr.
Samtals	837.698.800 kr.	934.616.400 kr.	13.112.700 kr.	1.785.427.900 kr.

Norður I

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	343.519.500 kr.	250.591.800 kr.	820.800 kr.	594.932.100 kr.
2		3.125.000 kr.	1.815.750 kr.	4.940.750 kr.
3	5.443.400 kr.	133.917.500 kr.	28.152.000 kr.	167.512.900 kr.
4	141.630.000 kr.	91.950.000 kr.	24.985.000 kr.	258.565.000 kr.
5	742.930.500 kr.	229.924.500 kr.	25.974.000 kr.	998.829.000 kr.
6	0 kr.	373.405.500 kr.	30.803.500 kr.	404.209.000 kr.
7	16.369.850 kr.	61.465.950 kr.	1.881.600 kr.	79.717.400 kr.
Samtals	1.249.893.250 kr.	1.144.380.250 kr.	114.432.650 kr.	2.508.706.150 kr.

Norður II

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	351.515.700 kr.	177.921.300 kr.	4.484.400 kr.	533.921.400 kr.
2	34.215.500 kr.	54.136.000 kr.	0 kr.	88.351.500 kr.
3	186.564.800 kr.	702.710.300 kr.	14.478.900 kr.	903.754.000 kr.
4	81.620.000 kr.	150.335.000 kr.	0 kr.	231.955.000 kr.
5	58.565.000 kr.	192.055.500 kr.	0 kr.	250.620.500 kr.
6	223.021.500 kr.	184.866.500 kr.	0 kr.	407.888.000 kr.
7	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals	935.502.500 kr.	1.462.024.600 kr.	18.963.300 kr.	2.416.490.400 kr.

Suður I

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	318.070.200 kr.	154.410.000 kr.	42.069.900 kr.	514.550.100 kr.
2	6.625.250 kr.	17.902.500 kr.	0 kr.	24.527.750 kr.
3	117.327.200 kr.	371.931.100 kr.	164.084.000 kr.	653.342.300 kr.
4	175.185.000 kr.	223.400.000 kr.	158.845.000 kr.	557.430.000 kr.

5	140.920.000 kr.	182.383.500 kr.	111.793.500 kr.	435.097.000 kr.
6	293.247.500 kr.	198.412.500 kr.	118.241.500 kr.	609.901.500 kr.
7	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals	1.051.375.150 kr.	1.148.439.600 kr.	595.033.900 kr.	2.794.848.650 kr.

Suður II

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	302.655.900 kr.	133.223.100 kr.	1.411.200 kr.	437.290.200 kr.
2	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
3	230.921.200 kr.	395.960.600 kr.	32.325.500 kr.	659.207.300 kr.
4	185.365.000 kr.	0 kr.	13.225.000 kr.	198.590.000 kr.
5	30.485.000 kr.	0 kr.	17.121.000 kr.	47.606.000 kr.
6	192.335.000 kr.	150.871.500 kr.	0 kr.	343.206.500 kr.
7	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals	941.762.100 kr.	680.055.200 kr.	64.082.700 kr.	1.685.900.000 kr.

Suðvestur

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	54.576.300 kr.	7.314.900 kr.	1.080.600 kr.	62.971.800 kr.
2	1.246.500 kr.	3.975.700 kr.	309.500 kr.	5.531.700 kr.
3	75.597.300 kr.	378.965.500 kr.	157.022.200 kr.	611.585.000 kr.
4	80.480.000 kr.	208.610.000 kr.	139.990.000 kr.	429.080.000 kr.
5	298.727.000 kr.	283.166.000 kr.	245.624.500 kr.	827.517.500 kr.
6	71.162.000 kr.	280.052.500 kr.	55.848.000 kr.	407.062.500 kr.
7	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals	581.789.100 kr.	1.162.084.600 kr.	599.874.800 kr.	2.343.748.500 kr.

Vestur

Heildarkostnaður aðgerð	Flokkun leiða			Samtals
	H	S	Þ	
1	500.060.700 kr.	161.420.400 kr.	3.940.500 kr.	665.421.600 kr.
2	1.645.250 kr.	7.106.250 kr.	0 kr.	8.751.500 kr.
3	282.958.200 kr.	217.713.900 kr.	60.574.400 kr.	561.246.500 kr.
4	28.830.000 kr.	48.140.000 kr.	0 kr.	76.970.000 kr.
5	167.726.000 kr.	31.265.000 kr.	47.846.500 kr.	246.837.500 kr.
6	374.491.000 kr.	289.887.000 kr.	12.038.000 kr.	676.416.000 kr.
7	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals	1.355.711.150 kr.	755.532.550 kr.	124.399.400 kr.	2.235.643.100 kr.

Heild 6.953.732.050 kr. 7.287.133.200 kr. 1.529.899.450 kr. 15.770.764.700 kr.

Eftir þá miklu vinnu sem lögð var í störf starfshópsins og sýnt fram á verulega þörf á úrbótum í reiðvegamállum voru það veruleg vonbrigði þegar frumvarp til laga um samgönguáætlun 2024 – 2038 var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda á haustmánuðum 2023. Þar var einungis gert ráð fyrir 100.0 m. kr. árlegu framlagi til reiðvega næstu fimmtán árin sem er í raun lækkun á framlagi ríkisins til reiðvega eins og það var á árunum 2001-2009.

Eftirfarandi athugasemdir voru því gerðar í Samráðsgátt stjórnvalda við frumvarp til laga um samgönguáætlanir árunum 2024 – 2038.

Nefndar- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 20 október 2023

Efni - Mál 315:

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038 er gert ráð fyrir fjórframlagi til reiðvega þ.e. 100 m. kr. árlegt framlag árin 2024 -2028, og á tveimur fimm ára tímabilum þ.e. 2029-2033 og 2034-2038, 500 m. kr. hvort tímabil. Í heildina 1.500 m. kr. á fimmtán ára tímabili.

Hér er í raun um lækkun á fjórframlagi til reiðvega að ræða frá því sem það var á árunum 2000 – 2009. Sem dæmi þá var á árinu 2009 framlag til reiðvega af samgönguáætlun 70 m.kr. og hafði þá að mestu fylgt verðlagsþróunum þeirra ára. Framreiknað með verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands væri sú upphæð **125.434.423-** kr. í september 2023.

Í október 2022 óskaði innviðaráðuneytið eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stöðu reiðvegamála. Starfshópurinn skyldi taka saman upplýsingar um stöðu reiðvega hér á landi og vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegamállum til framtíðar, tillögu sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlana og til forgangsroðunnar framkvæmda á reiðvegum. Skipunin starfshópsins skyldi vera til og með 1. maí 2023.

Starfsópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafntfram var formaður starfshópsins, fulltrúa innviðaráðuneytisins og tveimur fulltrúum skipuðum af Lands sambandi hestamannafélaga (LH). Starfshópnum var ætlað að skila fyrstu niðurstöðum fyrir lok desember 2022 og lokatillögum eigi síðar en 1. maí 2023.

Í niðurstöðum hópsins er lagt til átaks í reiðvegamállum og að reiðvegafé verði aukið verulega frá því sem verið hefur undanfarin ár eða í 300 m.kr. árlegt framlag árin 2024 – 2028. Reiðvegafénu skuli skipt milli þess að viðhalda núverandi reiðvegum, uppbyggingu og viðhaldi stofn- og ferðaleiða og gert reiðfært þar sem akvegir hafa verið lagðir bundnu slitlagi.

Hér er um mjög svo hófsama tillögu starfshópsins að ræða þegar litið er til þess að það þarf um 15,5 ma. kr. til að koma öllu reiðvegakerfi landsins í viðunnandi horf.

Reiðvegir / reiðleiðir eru undirstaða þess að hestatengd ferðaþjónusta og hestamennska geti dafnað og elfst á komandi árum.

Sýnt hefur verið framá og færð rök fyrir því hve háum fjárhæðum hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta eru að skila þjóðarþúinu í tekjur á ársgrundvelli. Tekjum sem hlaupa á tugum milljarða á ári hverju.

Landssamband hestamannafélaga skorar því stjórnvöld og Alþingi Íslands til að í tillögu til þingsályktunnar um samgönguáætlun 2024-2038 verði framlög til reiðvega aukin verulega og verði að lágmarki 300 m. kr. á ársgrundvelli eins og starfshópurinn leggur til.


•

Þegar frumvarpið var svo lagt fram óbreytt á Alþingi um veturnætur var sambærileg athugasemd send frá stjórn LH til Nefndasviðs Alþingis þar sem því er mótmælt kröftuglega að fjármagn til reiðvega skuli ekki aukið

•

Yfirlit yfir reiðvegafé sl. 10 ára

Ár	Umsóknir hestamannafélaga	Úthlutun af vegafé	Framlag sveitarfélaga	Fé til ráðstöfunnar
2015	303.000.000 kr	60.000.000 kr	63.000.000 kr	123.000.000 kr
2016	256.000.000 kr	60.000.000 kr	69.000.000 kr	129.000.000 kr
2017	274.000.000 kr	60.000.000 kr	67.000.000 kr	127.000.000 kr
2018	306.000.000 kr	60.000.000 kr	65.000.000 kr	125.000.000 kr
2019	322.000.000 kr	75.000.000 kr	76.000.000 kr	151.000.000 kr
2020	319.000.000 kr	75.000.000 kr	72.000.000 kr	147.000.000 kr
2021	297.000.000 kr	125.000.000 kr	66.000.000 kr	191.000.000 kr
2022	420.000.000 kr	125.000.000 kr	64.000.000 kr	189.000.000 kr
